

Nd.

448. Frumvarp til laga

[229. mál]

um breytingu á lögum um grunnskóla, nr. 63/1974, með áorðnum breytingum.

Flm.: Birgir Ísl. Gunnarsson, Halldór Blöndal.

1. gr.

74. gr. laganna orðist svo:

Heimilt er sveitarfélögum að setja á stofn við grunnskóla og undir sömu stjórn forskóla fyrir 6 ára börn, eða 5 og 6 ára börn, enda samþykki menntamálaráðuneytið starfsáætlun, húsnæði og annan aðbúnað skólans. Rekstrarkostnaður við forskólahlald greiðist á sama hátt og við almenna grunnskóla. Ráðstöfunarstundir til þessara starfa miðast við allt að 1.25 vikustundir á nemanda. Við forskólann skulu starfa kennarar sem lokið hafa viðurkenndu kennaraprófi, og skulu þeir ráðnir og launaðir eftir sömu reglum og kennarar við 1.—6. bekk grunnskóla. Kennarar, sem hlotið hafa viðurkennda viðbótarmenntun fyrir forskólakennara, skulu ganga fyrir um rétt til starfsins. Heimilt er að ráða að forskóla fóstrur eða aðra starfsmenn með viðurkennda menntun sem henta þykir. Slíkir starfsmenn skulu ráðnir og launaðir af sömu aðilum og kennarar og fer um launakjör þeirra eftir kjarasamningum eða dómi Kjaradóms.

Heimilt er að nota til forskólalahalds skólhúsnæði grunnskóla.

Óheimilt er einkaaðila að reka skóla fyrir börn undir skólaskyldualdri nema með leyfi fræðslustjóra.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í þessu frv. er lögð til veruleg lenging á skólatíma 6 ára barna (heimilað kennslumagn 1.25 vikust. 34 starfsvikur í stað 0.65 vikust.). Helstu rökin eru þau, að aðeins aukinn skólatími gefur raunhæfa möguleika á markvissu starfi í þessum árgangi. Aukinn skólatími 6 ára barna gefur kost á að nám 6, 7 og 8 ára barna sé skipulagt í einni heild. Nám 6 ára barna fellur þannig eðlilega inn í skólastarfið, en mikill misbrestur er á því nú. Margt mælir með lengingu skólatímans, og má í því sambandi benda á að börn eru mun lengur á leikskólum eða dagheimilum og verður því upphaf skólagöngunnar viss vonbrigði sem skaðað geta barnið og skapað neikvæða afstöðu til skólans.

Að sjálfsögðu verður kennsluskipan að miðast við aðstæður í hverju skólahéraði, og má benda á að í þéttbýli og annars staðar þar sem því verður við komið er eðlilegt að börn séu í skólanum frá kl. 9—12 eða kl. 13—16 fimm daga vikunnar. Með vaxandi útvinnu foreldra er nauðsyn að þjóðfélagið komi til móts og auki þannig velferð bæði barna og foreldra. Mikilvægt er að samfelldur skóladagur sé hjá nemendum þannig að þeir venjist ungir á staðfestu og góð vinnubrögð.